

Stj.tíð. B, nr. 523/1975.

Auglýsing um friðlýsingu Díma í Lóni, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti klettaborgina Dímu við Jökulsá í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.

*Mörk náttúruvættisins*

Miðast við Jökulsá að vestan en að sunnan og austan við akslóð á sandinum sem liggur þvert á fyrirhleðslugarð um 35 m sunnan við klettaborgina og frá henni nær hornrétt í norður, skemmst í um 15 m fjarlægð frá klettinum og áfram beint norður í Jökulsá.

*Um svæðið gilda þessar reglur:*

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið eftir merktum gönguleiðum, í lögmætum tilgangi.
2. Allur akstur er bannaður, svo og umferð með hesta.
3. Á svæðinu má hvorki skerða gróður, skaða dýralíf né gera þar jarðrask.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.*

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Runólfur Þórarinsson